



FRAMHALDSSKÓLINN Í VESTMANNAEYJUM

Próftími: 90 mín

PRÓFGREIN: Hjú 303 (75% af vetrareinkunn)

KENNARI:

Kl. 10.00 - 11.30

NAFN:

Kennitala:

Ath. Engin hjálpargögn leyfð önnur en skriffæri og strokleður

Lesið **vandlega** yfir allar spurningar áður en þið hefjist handa við að svara.

Vægi spurninga er mismikið. Nýtið tíma ykkar í samræmi við það.

Prófið er 5 síður auk forsíðu. Athugið hvort þið séuð með þær allar.

Notið baksíðurnar ef línufjöldi er ekki nægilegur.

Krossaspurningar 20%

1. Hlutlæg (objektív) einkenni eru:

- einkenni sem aðeins sjúklingurinn upplifir sjálfur
- einkenni sem bæði sjúklingurinn og aðrir geta séð og hægt er að mæla
- frávik frá því sem eðlilegt er hjá einstaklingi
- einkenni frá heila

2. Hvað er thyreotoxicosis

- ofstarfsemi á skjaldkirtli
- minnkuð framleiðsla á insulíni
- vanstarfsemi á skjaldkirtli
- ofstarfsemi á nýrnahettuhormóni

3. Hvað er átt við þegar talað er um „acut abdomen“

- bráðahvítblæði
- bráð kransæðastífla
- bráðir kviðverkir
- bráðapvagleki

4. Hvað er átt við þegar talað er um „benign æxli“

- skorpulifur
- áverkabrot
- illkynja æxli
- góðkynja æxli

5. Málstol/talörðugleikar er einkenni sem kemur vegna skemmdar í:

- vinstra heilahveli
- heilahimnum
- framheila
- hægra heilahveli

6. hver er talin algengasta orsök fötlunar í vestrænum löndum

- krabbamein
- heilablóðfall
- slys
- reykingar

7. Króniskur sjúkdómur er:

- vefjasjúkdómur
- fylgikvilli ýmissa annara sjúkdóma
- eitthvað sem þú losnar við - eftir lyfjagjöf
- kominn til að vera

8. Til hvers er gert næmispróf t.d. á þvagsýni eða uppgangi (sputum) ?

- leita eftir eggjahvítuefni, blóði, sykri
- athuga hvaða sýklalyf er heppilegt vegna sýkingar
- athuga fjölda sýkla í sýninu
- athuga tegundir sýkla í sýninu

9. Hlutverk húðarinnar er:

- D-vítamínframleiðsla
- hitastjórnun
- skynjun og losun úrgangsefna
- allt ofangreint er rétt

10. Hvað er ambulat meðferð

- meðferð eftir aflimun
- meðferð án aukaverkena
- meðferð án innlagnar
- meðferð með fylgikvillum

Skilgreiningar 20%

1. Hvað er þvageitrun - uremia

2. Hvað eru draugaverkir - fantomverkir

3. Hvað er blóðskilun - dialysa

4. Hvað er TIA

5. Hvað er níu % -reglan

6. "Glasgow coma scale" er dæmi um klíniskar leiðbeiningar á vefnum Landlæknir.is Um hvað fjalla þessar leiðbeiningar

7. Hvað er þverfagleg þjónusta

8. Hvað er lekandi (gonorré)

9. Hvað er hvítblæði

10. Hvað er lost
